



Sundlaugavegur 37 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Völu Baldursdóttur, dags. 7. janúar 2025, ásamt bréfi, dags. 8. janúar 2025, um að skipta lóðinni nr. 37 við Sundlaugaveg í tvær lóðir. Einnig er lögð fram skissur. ódags.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Samþykkt deiliskipulag

Loftmynd/ lóðarmörk Sundlaugavegur 37

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin teigar-íbúðarbyggð.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Teigar- norðan Sundlaugavegar, samþykkt í borgarráði 07 nóv.2013 ásamt síðari breytingum.


Umsögn

Í gildi deiliskipulag þar sem er meðal annars svo hljóðandi um lóðina nr. 37 við Sundlaugaveg “ Ekki ráðgert frekari uppbygging í deiliskipulagi þessu.“

Svæðið var skoðað heildstætt þegar deiliskipulagið var unnið og síðar samþykkt. Þegar horft er til þróunar möguleika á uppbyggingu er nauðsynlegt að horfa til reitsins, þar sem skipting lóðar og uppbygging varðar hagsmuni fleiri íbúa.

Að ofansögðu er því ekki mælt með að breyta deiliskipulagi og skipta lóð eins og óskað er eftir, skoða þarf svæðið í stærra samhengi.

Í öllum grónum hverfum borgarinnar mun hverfisSKIPulag vera samþykkt þar sem mótuð er stefna meðal annars um breytingar, fjölgun íbúða og grænna svæða. Bent er á að möguleiki væri á að skoða fyrirspurnina betur þegar farið verður í að hverfisSKIPuleggja hverfið. Ennfremur þykir hugmynd af tillögu vera of stór á þessum stað þar sem farið er inn á opið grænt svæði og borgarland.





Niðurstaða

- Neikvætt að skipta lóð samanber umsögn hér að ofan, samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur